

Auglýsing

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. ágúst 1983 staðfest eftirtaldar breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1972—1993:

1. Breytt lega Skarðshlíðar í Hlíðahverfi.
2. Íþróttasvæði Þórs nánar afmarkað.
3. Stofnanasvæði við íþróttasvæðið og Skarðshlíð fellt niður.
4. Gróðrarstöð komi á svæði austan Hörgárbrautar, norðan Undirhlíðar í stað útivistarsvæðis og svæðis fyrir íbúðir og stofnanir.
5. Langholt framlengist til suðausturs og tengist Undirhlíð.
6. Íbúðasvæði meðfram Miðholti milli Stafholts og Krossanesbrautar falli niður.
7. Gróðrarstöð komi við Þrastarlund í stað áður ráðgerðs útivistarsvæðis og leikvallar.
8. Dælistöð Hitaveitu Akureyrar ætlaður staður sunnan við Dvalarheimilið Hlíð.
9. Tengibraut færist suður fyrir lóð Hitaveitu Akureyrar.
10. Einbýlishúshverfi komi sunnan Suðurbyggðar en norðan tengibrautar á svæði sem áður var merkt: „Skipulagi frestað.“
11. Verkmenntaskóli komi sunnan tengibrautar á svæði sem áður var merkt: „Skipulagi frestað.“

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvafjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu.

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin (hér eftir skammstafað P og S) veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum heimild til að nota tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviðinu fyrir landfarstöðvafjónustu.

Í landfarstöðvafjónustunni fara fram þráðlaus fjarskipti milli fastastöðva (móðurstöðva) og farstöðva eða milli farstöðva. Farstöðvar þær, sem hér um ræðir, eru í farartækjum á landi eða eru burðar- eða handstöðvar. Fjarskipti milli fastastöðva í tíðnisviðum farstöðvafjónustu eru óheimil.

Bylgjusvið þau, sem hér um ræðir, ná frá 153,5 til 174 og frá 453 til 470 MHz.

2. gr.

Í landfarstöðvafjónustunni má velja um þáttöku á bílasímapjónustu P og S eða uppsetningu eigin lokaðra farstöðvakerfa.